

Nd.

250. Frumvarp til laga

[161. mál]

um fjölskylduráðgjöf.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Gera skal ráðstafanir til þess að foreldrar eigi kost á fjölskylduráðgjöf er taki til fræðslu um uppeldi barna, leiðbeininga í sambúðar- og skilnaðarmálum og annarra málefna er varða hag og þroska barna og fjölskyldna þeirra. Félagsmálaráðuneytið skal starfrækja miðstöð fjölskylduráðgjafar og skal sálfræðingur veita henni forstöðu. Miðstöðin verði á höfuðborgarsvæðinu í fyrstu, en frekari útfærsla verði ákveðin þegar reynsla liggur fyrir af starfsemi miðstöðvarinnar í 3 ár. Félagsmálaráðuneytið setur reglugerð um hvernig háttáð verði greiðslu fyrir þjónustu miðstöðvarinnar samkvæmt gjaldskrá.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá árinu 1979 hefur Barnaverndarráð Íslands starfrækt foreldraráðgjöf, sem er sálfræðileg ráðgjöf fyrir foreldra varðandi ýmis þau vandamál sem upp kunna að koma í fjölskyldum og við uppeldi barna. Hefur þjónusta þessi talist til svonefndra „fyrirbyggjandi“ aðgerða sem komið geta í veg fyrir alvarleg vandamál sem verði fjölskyldunum ofviða að leysa. Tveir sálfræðingar hafa sinnt þessari þjónustu í hlutastarfi, en aðsókn sýnir ótvírætt að nauðsynlegt er að þeir starfi að þessu að fullu. Unnið hefur verið við þjónustuna 15 klst. í viku, en á þeim tveim árum, sem hún hefur verið starfrækt, hafa leitað til hennar foreldrar vegna aðstoðar við 137 börn. Þar af eru 7 ungbörn innan 2 ára aldurs, 46 á aldrinum 2–5 ára, 53 yngri grunnskólabörn og 31 unglingur 13—19 ára.

Fjöl margar ástæður hafa legið að baki þjónustubeiðni, svo sem einkenni um öryggisleysi, kvíða, streituviðbrögð, samskiptaerfiðleika, unglíngavandamál og ýmislegt annað. 56% þeirra sem ráðgjafarinnar leituðu voru úr Reykjavík, 28% úr nálægum byggðarlögum, 9% af Reykjanesi og 7% úr fjarlægari byggðarlögum.

Starfsemi foreldraráðgjafar þessarar hefur verið byggð á 60. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, en þar segir m. a. að Barnaverndarráði sé heimilt að efna til námskeiða og annarrar fræðslustarfsemi fyrir foreldra og aðra þá er sinna uppeldisstörfum. Eftir gildistöku barnalaga hafa orðið miklar breytingar á skyldum foreldra við börn sín, umgengnisréttur hefur gjörbreyst og er ljóst að fjölmargir munu þarfnast aðstoðar við stofnun og slit hjúskapar, svo að þörfum barna sé sinnt. Fjölmargir aðrir lagabálfar, sem tryggja skulu réttindi barna til farsæls uppeldis, hafa verið lögfestir á síðustu árum, en hætt er við að margt af því verði pappírsgagn eitt sé því ekki fylgt eftir með skipulagðri ráðgjöf. Nefna má að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett fram hugmyndir á ráðstefnum sínum um slíka ráðgjöf um allt land. Vissulega þjóna félagsmálastofnanir og aðrar opinberar þjónustustofnanir hluta af þessu starfi, en hér er oft um að ræða mál sem aðstandendum sýnist ekki vera á því stigi, að ástæða sé til að leita aðstoðar félagsmálastofnana eða sveitarstjórnarskrifstofa að svo komnu máli. En óhjákvæmilega hlýtur foreldraráðgjöf af þessu tagi að starfa í nánum tengslum við aðrar stofnanir, þegar þess gerist þörf. Hér er því á engan hátt verið að taka verkefni frá öðrum stofnunum, heldur fremur að létta af þeim minni háttar málum. Slíka foreldraráðgjöf er að finna á Norðurlöndum og víða í Vestur-Evrópu og hefur þótt gefast vel.

Margir þingmenn hafa þegar flutt tillögur í þessa veru. Má þar nefna tillögu til þingsályktunar frá Haraldi Ólafssyni og Alexander Stefánssyni um stefnumörkun í fjölskylduvernd. Þar er lögð áhersla á gildi fjölskyldunnar sem stofnunar í þjóðfélaginu og bent á leiðir til að tryggja öryggi barna og fjölskyldna þeirra. Á 100. löggjafarþingi fluttu þingmenn Alþýðuflokksins tillögu til þingsályktunar um skipun samstarfsnefndar sem fjalli sérstaklega um málefni barna. Þar er meðal annars lagt til að sett verði löggjöf um foreldra- og fjölskylduráðgjöf í umsjá hins opinbera.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er að efni til samhljóða frumvarpi því sem alþingismennirnir Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Matthías Bjarnason og Níels Á. Lund lögðu fram á síðasta þingi sem frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 9/1981. Það frumvarp náði ekki fram að ganga.

Ástæða þess að frumvarpið er nú lagt fram sem frumvarp til sérstakra laga um fjölskylduráðgjöf er sú, að ekki þykir eðlilegt að fella þessi ákvæði inn í barnalögin, sem heyra alfarið undir dómsmálaráðuneytið, en fjölskylduráðgjöf sem slík mun heyra undir annað ráðuneyti, þ. e. félagsmálaráðuneytið.

Frumvarp þetta gerir einungis ráð fyrir að tveir starfsmenn verði í fullu starfi og reynslan sýni síðan hvort ástæða sé til að færa þessa þjónustu til annarra byggðarlaga. Hér er því ekki um mikið fjármagn að ræða, heldur miklu frekar tilraun til sparnaðar á opinberu fé, því að nái þau fjölskylduvandamál, sem hér um ræðir, að verða illleysanleg kostna þau samfélagið margfalt það fé sem hér er látið í té. Eðlilegt og sjálfsagt er talið að fólk greiði fyrir þessa þjónustu, ef fjárhagur þess leyfir það.